

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Fljótsdalshrepps vegna efnistökusvæðis í Grjótá.

Skipulagsstofnun staðfesti 26. apríl 2021 óverulega breytingu á aðalskipulagi Fljótsdalshrepps 2014-2030, sem samþykkt var í sveitarstjórn 2. mars 2021.

Breytingin felst í að skilgreint er um 20.000 m<sup>2</sup> efnistökusvæði við Grjótá vegna lagfæringa á vegslóðum að veitumannvirkjum Hraunaveitu Kárahnjúkavirkjunar. Á umræddu svæði var opin náma við gerð veitunnar og áætluð efnistaka nú er allt að 10.000 m<sup>3</sup>.

Málsmeðferð var vegna óverulegrar breytingar á aðalskipulagi samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

*Skipulagsstofnun, 26. apríl 2021.*

**Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.**

---

B-deild – Útgáfud.: 10. maí 2021